

# Hátún og Mikligarður

Fornleifaskráning fyrir  
aðalskipulag



Hátún og Mikligarður árið 2000

Sigríður Sigurðardóttir  
júlí 2003

14



Inngangur .....	3
1 Tilgangur fornleifaskráninga.....	4
2 Aðferðir.....	5
2.1 Aðferð við skráningu.....	5
2.2 Jarðanúmer .....	5
2.3 Tegund, hlutverk og heiti .....	6
2.3 Lega.....	6
2.4 Staðhættir og lýsing .....	6
2.5 Hættumat.....	6
2.6 Heimildir .....	7
3. Saga Hátúns (146039-112) og fornleifar.....	8
3.1 Náttúrufar og jarðabætur .....	9
3.2 Fornleifaskrá fyrir Hátún.....	9
4. Saga Miklagarðs (146040-113) og fornleifar.....	14
4.1 Náttúrufar og jarðabætur .....	14
4.3 Aðrar upplýsingar.....	15
4.4 Fornleifaskrá fyrir Miklagarð.....	15
Samantekt.....	19

## Inngangur

Skipulagsyfirvöld Sveitarfélagsins Skagafjarðar óskuðu eftir því við Fornleifadeild Byggðasafn Skagfirðinga að fornleifaskráning væri gerð fyrir Hátún fyrir aðalskipulagsgerð og vegna byggingar nýs íbúðarhúss á útmældum byggingareit í landi býlisins Miklagarðs, sem sameinað var Hátúni árið 1965. Fornleifaskráningin er nauðsynleg til að hægt sé að ganga úr skugga um að engar búsetuminjar leynist á eða við byggingareitinn. Fornleifaskráning er nauðsynleg grunnrannsókn svo hægt sé að skipuleggja jörðina og nýta án þess að raska búsetuminjum.

Fornleifaskráningin og úrvinnsla hennar fór fram dagana 6.-14. júlí 2003. Við heimildaleit og skráningu í Sarp, gagnagrunn þjóðminjavörslunnar og skýrslugerð vann Sigríður Sigurðardóttir sagnfræðingur. Katrín Gunnarsdóttir fornleifafræðingur fór um svæðið ásamt undirritaðri og Gunnlaugi Jónassyni bónda í Hátúni. Gunnlaugi eru færðar bestu þakkir fyrir aðstoðina.

Glaumbæ 14. júlí 2003  
Sigríður Sigurðardóttir

## 1 Tilgangur fornleifaskráninga

Þjóðminjalög nr. 107/2001 kveða á um þá skyldu að fornleifaskráning fari fram áður en gengið er frá svæðisskipulagi, aðalskipulagi eða deiliskipulagi eða endurskoðun þess. Einnig að sá sem ber ábyrgð á skipulagsgerð, í samræmi við skipulagslög, eigi að standa straum af kostnaði við skráninguna (sjá 11. gr. Þjml.107/2001).

Lögin kveða á um að stuðla beri að verndun menningarsögulegra minja í eigin umhverfi og tryggja að menningararfi liðinna kynslóða verði skilað óspilltum til framtíðar, auðvelda aðgang að þeim, kynna þær og greiða fyrir rannsóknnum. Til að það gangi eftir er nauðsynlegt að vanda skráningu minja í umhverfinu og hafa víðtækar og aðgengilegar upplýsingar um þær. Fornleifaskráning er forsenda þess að hægt sé að a) taka ákvarðanir um aðgerðir til verndar einstökum minjastöðum eða minjasvæðum, b) sinna rannsóknnum um minjaumhverfið og kynna það.

Fornleifar eru skilgreindar (sjá 9. gr. Þjml.107/2001) sem:

- [...] *hvers kyns leifar fornra mannvirkja og annarra staðbundinna minja sem menn hafa gert eða mannaverk eru á, svo sem:*
- búsetulandslag, byggðaleifar, bæjarstæði og bæjarleifar ásamt tilheyrandi mannvirkjum, húsaleifar hvers kyns, svo sem kirkna, bænahúsa, klaustra og búða, leifar af verbúðum, naustum, verslunarstöðum og byggðaleifar í hellum og skútum;*
  - vinnustaðir þar sem aflað var fanga, svo sem leifar af seljum, verstöðvum, bólum, mógröfum, kolagröfum og rauðablæstri;*
  - gömul tún- og akurgerði, áveitumannvirki og leifar eftir veiðar til sjávar og sveita;*
  - gamlir vegir, stíflur, brýr, vatnsvöð, varir, hafnir og bátalægi, slippir, ferjustaðir, kláfar, vörður og vitar og önnur vega- og siglingamerki ásamt kennileitum þeirra;*
  - virki og skansar og önnur varnarmannvirki;*
  - gamlir þingstaðir, meintir hörgar, hof og vé, brunnar, uppsprettur, álagablettir og aðrir staðir og kennileiti sem tengjast síðum, venjum, þjóðtrú eða þjóðsagnahefð;*
  - áletranir, myndir eða önnur verksummerki af manna völdum í hellum eða skútum, á klettum, klöppum eða jarðföstum steinum;*
  - haugar, dysjar og aðrir greftrunarstaðir úr heiðnum eða kristnum sið;*
  - skipsflök eða hlutar úr þeim.*

Minjar 100 ára og eldri teljast fornleifar, en heimilt er þó að friðlýsa yngri minjar [...].

Fornleifar eru friðhelgar og verndaðar gegn hvers kyns raski. Í 10. grein laganna segir að fornleifum megi enginn „*spilla, granda né breyta, ekki heldur hylja þær, laga né aflaga né úr stað flytja nema með leyfi Fornleifaverndar ríkisins.*“ Þetta á við um allar fornleifar, óháð friðlýsingu og hér má minna á að friðhelgi fornleifa er ekki háð því að þær séu þekktar eða hafi verið skráðar.

Eitt af markmiðum fornleifaskráningar er að sporna við því að minjar verði fyrir skemmdum af gáleysi eða að nauðsynjalausu. Ef áður óþekktar fornleifar finnast ber að tilkynna það Fornleifavernd ríkisins. Fulltrúi Fornleifaverndarinnar hér er Minjavörður Norðurlands vestra. Komi fornleifar í ljós við jarðrask skal fresta vinnu á staðnum uns ákvörðun Fornleifaverndar liggur fyrir um hvort og með hvaða skilyrðum framkvæmdir megi halda áfram (sjá 14. gr. Þjml.107/2001). Það er allra hagur að eiga aðgang að yfirliti um fornleifar á tilteknu svæði og fyrir framkvæmdaáðila vinnst a.m.k. tvennt. Unnt er að taka tillit til minjanna við skipulagsvinnu og nýta þær til að varðveita sögu

svæðisins. Þá minnka stórlega líkur á að framkvæmdaaðilar rekist í miðjum klíðum á fornleifar, sem þeir gerðu sér ekki grein fyrir að gætu verið fyrir hendi, og nauðsynlegt reynist að rannsaka með tilheyrandi kostnaði og töfum á framkvæmdum. Fornleifaskráning sameinar því bæði hagsmunum fræðigreinarinnar og þeirra sem standa að framkvæmdum. Björgunaruppgröftur, sem unninn er vegna framkvæmda og undir þrýstingi frá framkvæmdaaðilum er hvorki æskilegur fyrir þá né frá sjónarmiði fornleifafræðinnar.

Almennt er æskilegt að framkvæmdum sé beint frá minjastöðum en sé þess enginn kostur ber að tilkynna Fornleifavernd ríkisins um framkvæmdirnar með fyrirvara. Fornleifavernd getur, ef svo ber undir, krafist þess að framkvæmdum verði frestað uns fornleifarannsókn hefur farið fram. Þeir, sem standa fyrir meiriháttar framkvæmdum, bera kostnað af fornleifarannsóknum sem nauðsynlegar reynast þeirra vegna (sjá 14. gr. Þjml.107/2001).

## 2 Aðferðir

Fornleifaskráning tekur yfir Hátún og Miklagarð. Í samantekt bls.17 er sérstaklega litið til fyrirhugaðrar lóðar fyrir íbúðarhús sem óskað hefur verið leyfis til að staðsetja á gamla túninu í Miklagarði, norðvestan við íbúðarhúsið í Hátúni 2.

Samtals voru skráðar 17 minjar. Þar af voru 11 horfnar en hægt var að staðsetja 8 með nokkurri vissu. Í landi Miklagarðs, sem sameinað var Hátúni árið 1965 voru skráðar 7 minjar. Minjarnar eru staðsettar á loftmynd frá Loftmyndum ehf. frá árinu 2000 sem skipulagsyfyrvöld hafa notað til að staðsetja hinn nýja byggingarreit. Aðrar loftmyndir eru einnig frá Loftmyndum ehf., sem og loftmynd sem tekin var yfir Glaumbæ árið 2001 og túnakort eftir Guðmund Sveinsson frá 1917 eru einnig notuð. Minjarnar eru númeraðar með rauðum lit.

### 2.1 Aðferð við skráningu

Hin eiginlega skráning er í þeim kafla skýrslunnar er nefnist „Saga jarðar og fornleifar.“ Skránni er kaflaskipt þannig að fjallað er um sögu og fornleifar í Hátúni í kafla 3 en minjar í fyrrverandi Miklagarðslandi eru tíundaðar í kafla 4.

Helstu heimildir hafa verið kannaðar svo sem jarðabækur, örnefnaskrár, fornrit, sóknalýsingar og aðrar ritaðar heimildir, ásamt kortum. Allar upplýsingar eru skráðar í Sarp, gagnagrunn minjavörslunnar og form skráarinnar miðast við áherslur sem þar eru lagðar. Í sögulega yfirlitinu er gerð grein fyrir nýtingu jarðanna, breytingum og stiklað á öðrum þáttum sem varpa ljósi á sögu byggðar, búskap og nytjar. Nákvæm umfjöllun um Hátún er í öðru hefti Byggðasögu Skagafjarðar bls. 276-282.

### 2.2 Jarðanúmer

Býlið eru auðkennt með tveimur númerum; landsnúmeri sem Fasteignamat ríkisins hefur úthlutað og númeri sem gefið var við jarðaskiptingu eins og hún kemur fyrir í Jarðatali Johnsens frá 1847.<sup>1</sup> Hátún hefur samkvæmt því númer 146039-112 og Mikligarður er númer 146039-112. Þetta helgast af því að í Fornleifaskrá Sarps eru fornleifarnar flokkaðar eftir jörðum samkvæmt þessu númerakerfi.

---

<sup>1</sup> J. Johnsen, 1847. Jarðatal á Íslandi.

### 2.3 Tegund, hlutverk og heiti

Í örfáum orðum er tegund og hlutverki minja lýst, þ.e. hvort um er að ræða tóftir bæja eða útihúsa, túngarða eða annarra kennileita.

Stundum sjást fornleifar ekki í landslaginu, þótt þeirra sé getið í heimildum. Kanna margar ástæður að vera fyrir því. Kemur þá fram í fornleifaskránni að gengið er út frá „heimild“ um t.a.m. vatnsmyllu og er hún þá skráð sem slík. Leitast er við að hafa fornleifaskrána eins nákvæma og kostur er, því að leifar fornminja kunna að leynast í jörðu þótt ekki sé unnt að sjá þær með berum augum á yfirborðinu. Hafi fornminjarnar sérnafn, t.d. Fingurbjörg eða Meðalheimur, þá er það sérstaklega skráð. Ef sérnafni er ekki til að dreifa kemur fyrir að hlutverki minjanna er lýst þar sem sérnafn stæði annars, t.d. fjárhús eða vatnsból.



Hátúnsland með Miklagarði vestan Sauðárkróksbrautar. Loftmynd frá Loftmyndum ehf. frá 2000.

### 2.3 Lega

Jörðin liggur að Glaumbæ að vestan og sunnan og að Jaðri að norðan og á sameiginlegt land með Glaumbæ og Jaðri á Glaumbæjareyjum.

### 2.4 Staðhættir og lýsing

Í kafla um staðhætti og lýsingu er minjunum lýst að formi, umfangi og ástandi. Minjar eru staðsettar með GPS hnitum og merktar inn á loftmyndir nr. 4873 og 4864 frá Loftmyndum ehf. frá ágúst 2000. Minjastaðir eru einnig staðsettir á loftmyndum sem teknar voru yfir Glaumbæ sumarið 2001.

### 2.5 Hættumat

Lagt er mat á hættu sem að fornleifum kann að stafa af völdum náttúru og manna til þess að unnt verði að grípa til viðeigandi ráðstafana ef talin er hættu á að minjar verði fyrir raski.


Hættumatið felst í þrennu:

- Hætta vegna ábúðar þýðir að framkvæmdir eða álag kunni að raska fornminjum.
- Hætta vegna veðrunar þýðir að fornleifar geti máðst burtu fyrir áhrif veðurs og vinda.
- Hætta vegna landbrots þýðir að fornleifar geti glatast af völdum sjávar, regnvatns eða uppblásturs.

Við skipulag framkvæmda er nauðsynlegt að taka tillit til þessara heimilda og fara varlega á svæðum þar sem fornleifar geta hugsanlega leynst undir sverðinum.

## 2.6 Heimildir

Vísað er í heimildir við hverja skráða fornleif. Ræðst það af því að skráning hverrar fornleifar á að geta staðið ein og óstudd af öðru efni skýrslunnar. Heimildir sem stuðst er við í öðrum köflum er getið neðanmáls.



Túnakortið frá 1917. Á kortinu sjást bæjarhúsin (1), fjósið (2), lambhúsin (3) og fjárhúsið (4). Heimreiðin (afleggjarinn) frá veginum um Langholtið lá úr norðvestri niður að bænum.

### 3. Saga Hátúns (146039-112) og fornleifar

Hátún var hjáleiga frá Glaumbæ fram á 20. öld. Þess er ekki getið fyrr en í kirkjubókum 1748 og hefur sennilega verið stofnað til býlisins á tímabilinu 1735-1748. Hátún var hjáleiga frá Glaumbæ þar til kirkjujarð-sjóður eignaðist jörðina og átti til 1965 er Gunnlaugur Jónasson sem bóúið hafði í Hátúni frá 1947, keypti býlið. Hann seldi Ragnari syni sínum hálfa jörðin árið 1976.



Loftmynd frá Loftmyndum ehf. frá árinu 2000 er notuð til grundvallar staðsetningu minjanna. Sjá umfjöllun um minjarnar hér á eftir.



### 3.1 Náttúrufar og jarðabætur

Segja má að mikil nýrækt einkenni land Hátúnsbæjanna á Langholti. Ræktað tún nær frá vegi (Sauðárkróksbraut) að Hæðinni austan við Meðalheimsvatn. Hátún á engjastykki vestan Húseyjarkvíslar, austan við Glaumbæjartúnin. Auk þess á Hátún hlut í óskiptu landi á Glaumbæjareyjum austan Kvíslarinnar. Á loftmyndinni má sjá afstöðu þekktra minjastaða og nútíma mannvirkja.

### 3.2 Fornleifaskrá fyrir Hátún

Í þessum kafla er hin eiginlega fornleifaskráning, þar sem fornleifum er raðað samkvæmt reglum sem fylgt er í skráningakerfinu Sarpi, eins og þegar hefur verið kynnt. Fornleifum er raðað eftir hlaupandi númerum. Fyrstu tíu minjarnar eru í Hátúnslandi, sem og auðvitað þær sem á eftir koma en minjar frá 11-17 eru settar undir Miklagarð til glöggvunar þeim sem vilja greina eftir svæðum hvað heyrði undir gömlu býlin.

#### **Hátún 146039 112 - 1**

Sérheiti: Hátún

Hlutverk: Bæjarhóll

Tegund: Bæjarstæði

Staðsetning: N: 65, 36, 37 (-656103) V: 19, 30, 28 (-195078)

Ástand: Ómetið

Horfin: já

#### **Staðhættir**

Bæjarstæði gamla Hátúnsbæjarins er undir og norðan við núverandi íbúðarhús í Hátúni I. Sjá nr. 1 loftmyndir bls. 9 og 11.

#### **Aðrar upplýsingar**

Hlunnindi eru lax- og silungsveiði í Húseyjarkvísl. Búrekstur var blandaður, nautgripir, sauðfé og hross.

#### **Heimildaskrá**

*Gunnlaugur Jónasson Hátúni, á vettvangi 10. júní 2003.*

*Túnakort Guðmundar Sveinssonar frá 12. apríl 1917.*

#### **Hátún 146039 112 - 2**

Sérheiti: Fjós

Hlutverk: Fjós

Tegund: Heimild

Staðsetning: N: 65, 36, 36 (-656100) V: 19, 30, 28 (-195078)

Ástand: Ómetið

Horfin: já

#### **Staðhættir**

Fjósið var norðvestan við bæjarhúsin. 1 loftmyndir bls. 9 og 11.

#### **Heimildaskrá**

*Túnakort Guðmundar Sveinssonar frá 12. apríl 1917.*

### Hátún 146039 112 - 3

Sérheiti: Lambahús

Hlutverk: Fjánhús

Tegund: Heimild

Staðsetning: N: 65, 36, 35 (-656097) V: 19, 30, 29 (-195081)

Ástand: Ómetið

Horfin: já

#### Staðhættir

Á túnakortinu frá 1917 eru fjánhús um 40 metra sunnan bæjar. Það stóð sunnan við lækinn. Í húsinu voru tvær krær og garði á milli. Dyr snéru í austur. Húsið tók 25-30 kindur. 1 loftmyndir bls. 9 og 11.

#### Heimildaskrá

*Gunnlaugur Jónasson Hátúni, á vettvangi 10. júlí 2003.*

*Túnakort Guðmundar Sveinssonar frá 12. apríl 1917.*

### Hátún 146039 112 - 4

Sérheiti: Fjánhús

Hlutverk: Heimild

Tegund: Heimild

Staðsetning: N: 65, 36, 32 (-656089) V: 19, 30, 31 (-195086)

Ástand: Ómetið

Horfin: já

#### Staðhættir

Gömlu fjánhúsin voru utan túns árið 1917, suðvestan við túngarðinn. Rétt sunnan við núverandi fjánhús. Þetta voru torfhús. Tvær krær og garði í miðju. Tvennar dyr voru húsinu á og snéru þær í austur. 1 loftmynd bls. 9 og hér fyrir neðan.

#### Aðrar upplýsingar

Þessi hús voru alltaf að bíla og þurftu mikið viðhald, sagði Gunnlaugur Jónasson sem ólst upp með þessum húsum. Var faðir hans endalaust að laga þau. Vestur undan húsunum sér móta fyrir svonefndum Kirkjustíg eða Kirkjuveg, sem lá milli Sólheima í Sæmundarhlíð og Glaumbæ. Þá leið gekk fólk frá Skarðsá, Dæli, Auðnum, Sólheimum og Elfvogum (Élvogum) til og frá kirkju og kom gjarnan við í fjánhúsunum í Hátúni til að taka af sér utanyfirföt eða skipta um föt áður en gengið var til guðspjónustu.

#### Heimildaskrá

*Gunnlaugur Jónasson Hátúni, á vettvangi 10. júlí 2003.*

*Túnakort Guðmundar Sveinssonar frá 12. apríl 1917.*

*Rósmundur G. Ingvarsson, Örnefnaskrá fyrir Hátún 30. maí 1998.*



Horft til suðurs yfir  
Glaumbæ og Hátún.  
Ljósm. John .Steinberg

### **Hátún 146039 112 - 5**

Sérheiti: Hesthúsið

Hlutverk: Hesthús

Tegund: Heimild

Staðsetning: N: 65, 36, 34 (-656094). V: 19, 30, 31 (-195086)

Ástand: Ómetið

Horfin: já

#### **Staðhættir**

Norðan núverandi ytri fjárhúsa, sunnan og vestan við íbúðarhúsið í Hátúni I var hesthús, fyrir 5 hesta. Það var úr torfi og orðið hrörlegt er Gunnlaugur Jónasson man fyrst eftir sér um 1925.

#### **Heimildaskrá**

*Gunnlaugur Jónasson Hátúni, á vettvangi 10. júlí 2003.*

### **Hátún 146039 112 - 6**

Sérheiti: Fingurbjörg

Hlutverk: Bústaður

Tegund: Heimild

Staðsetning: N: 65, 36, 29 (-656081) V: 19, 30, 30 (-195083)

Ástand: Ómetið

Horfin: já

#### **Staðhættir**

Lítill torfkofi var rétt norðan við skúrviðbyggingu við syðri fjárhúsin í Hátúni. Þar hafði síðast Aðalbjörg Magnúsdóttir (d.1938) 6 ær, með leyfi Jónasar bónda Gunnarssonar.

#### **Aðrar upplýsingar**

Aðalbjörg bjó um miðja 20. öld í kofa sem var áfastur bænum í Hátúni. Séra Hallgrímur Thorlacius leyfði henni að búa þar án þess að spyrja leiguliða sinn Jónas Gunnarsson nokkuð um það. Kofinn Aðalbjargar var haglega gerður. Hann var fast sunnan við gamla bæinn í Hátúni (sjá mynd bls. 278). Honum var skipt í tvennt, í kokkhús og þiljað svefnherbergi. Var kokkhúsið klætt innan með dagblöðum. Dyr sneru til austurs.

#### **Heimildaskrá**

*Gunnlaugur Jónasson Hátúni, á vettvangi 10. júlí 2003.*

*Hjalti Pálsson, 2001. Byggðasaga Skagafjarðar II. Bls. 278. Akureyri.*

### **Hátún 146039 112 - 7**

Sérheiti: Meðalheimur

Hlutverk: Bæjarhóll

Tegund: Bæjarstæði 465

Staðsetning: N: 65, 36, 30 (-657000) V: 19, 31, 53 (-197583). Ath. önnur staðsetning kemur fram í Byggðasögunni. Ástæðan gæti verið staða lofttungla eða móttökuskilyrði.

Byggðasögunhitið er: N:65,36,36. V:19,32,1

Horfin: Já

Hættumat: Lítil hætta

#### **Staðhættir**

Meðalheimur var hjáleiga frá Glaumbæ. Meðalheimur er vestan í Langholtsásnum í um 80-90 m hæð y.s. Bæjarhóllinn er nærri syðst í landi Hátúns. Búið er að rækta tún í umhveris hólinn. Hann er nokkuð umfangsmikill en veggjarústir eru óljósar.

### **Lýsing**

Bæjarhóllinn á Meðalheimi er mjög þýfður, en á honum miðjum er nokkuð sléttur blettur, þar sem bærinn stóð. Öskuhaugurinn er austan í hólnum. Vallargarður var umhverfis en er nú nánast ósýnilegur.

### **Aðrar upplýsingar**

Utan í hólnum voru fjárhúsin. Meðalheimur var fyrrum hjáleigubýli frá Glaumbæ. Skoðun amerískra jarðvísindamanna sumarið 2001 í Meðalheimi gáfu ekki niðurstöður um upphaf byggðar þar. Heimildir eru um að jörðin var í ábúð á 16. öld. Í minnisgrein séra Gottskálks Jónssonar í Glaumbæ um 1550-1560 segir að Meðalheimur sé byggður með 3 kúgildum og landskuld sé þriggja daga sláttur, kýreldi og 60 álnir gildar „og gjöra að beltum til 10 álna.“ Jarðabókin 1713 segir Meðalheim hafa farið í eyði árið 1701 en áður hefði það verið langvarandi í ábúð. Þar mátti fódra 2 kýr og 12 ær. Um 1840 var stekkur Glaumbæjar á bæjarhólnum og síðar á öldinni voru þar beitarhús.

### **Heimildaskrá**

*Diplomatarium Islandicum – Íslenskt fornbréfasafn XII. Bls. 195.*  
*Heimasíða Byggðasafns Skagfirðinga, [www.krokur.is/glaumb/](http://www.krokur.is/glaumb/) - Rannsóknir.*  
*Gunnlaugur Jónasson Hátúni, á vettvangi 10. júlí 2003.*  
*Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns IX. Bls. 99.*

### **Hátún 146039 112 - 8**

Sérheiti: Meðalheimsvatn

Hlutverk: Vatn

Tegund: Náttúruminjar 465

Ástand: Ómetið

### **Staðhættir**

Meðalheimsvatn er uppi á ásnum skammt frá gamla bæjarstæðinu í Meðalheimi.

### **Aðrar upplýsingar**

Þjóðsaga segir að á 18. öld hafi búið fólk í Meðalheimi sem veitt hafi silung úr Meðalheimsvatninu og dáið af silungsátinu.

### **Heimildaskrá**

*Gunnlaugur Jónasson Hátúni á vettvangi 2003*  
*Hjalti Pálsson, 2001. Byggðasaga Skagafjarðar II. Bls. 267. Akureyri.*

### **Hátún 146039 112 - 9**

Sérheiti: Stekkur

Hlutverk: Stekkur

Tegund: Heimild 465

Staðsetning: N: 65, 42, 0 (-657000). V: 19, 45, 30 (-197583)

Ástand: Ómetið

Horfin: Já

### **Staðhættir**

Meðalheimsbærinn var notaður sem stekkur fyrir Glaumbæ eftir að hætt var að búa í honum um 1840.

### **Aðrar upplýsingar**

Þar var síðast beitarhús fyrir Glaumbæ.

### **Heimildaskrá**

*Hjalti Pálsson, 2001. Byggðasaga Skagafjarðar II. Bls. 267.*

**Hátún 2 146039 112 - 10**

Sérheiti: Beitarhús

Hlutverk: Beitarhús

Tegund: Heimild 465

Ástand: Ómetið

Horfin: Já

**Staðhættir**

Eftir að flutt var úr Meðalheimsbænum 1840 var hann notaður sem beitarhus fyrir Glaumbæ.

**Aðrar upplýsingar**

Áður var þar einnig stekkur frá Glaumbæ.

**Heimildaskrá**


*Hjalti Pálsson, 2001. Byggðasaga Skagafjarðar II. Bls. 267. Akureyri.*

## 4. Saga Miklagarðs (146040-113) og fornleifar

Miklagarður á Langholti er gömul hjáleiga frá Glaumbæ. Árið 1713 er sagt að jörðin hafi verið afbýli frá Glaumbæ, byggt innan túngarðs fyrir löngu og virðist alltaf hafa haldist í byggð þar til 1936, er síðustu ábúendur fluttu burtu og Hátúnsbændur nýttu jörðina. Jörðin er lítil en grasgefin. Árið 1802 var Miklagarður talinn 20 hundruð að dýrleika. Jörðin var metin á 8,2 hundruð árið 1861.<sup>2</sup> Ekki er vitað um hvenær búskapur hófst í Miklagarði.<sup>3</sup>

### 4.1 Náttúrufar og jarðabætur

Við skiptagjörðina 1937 var ákveðið að býlin vestan Djúpukvíslar fengu allt land vestan kvíslar, en Húsabakkabærir fengu allan sinn hlut úr landinu á Glaumbæjareyju, þ.e. landinu austan Kvíslarinnar, sem jarðirnar deila með Glaumbæjartorfubæjunum. Vestan Kvíslar að norðan ræður landamerkjalinna móti Jaðri, að vestan ræður Meðalheimsvatn og girðing, að sunnan réð bein lína samhliða norðurmörkunum. Spildan var 240 metra breið, austur að túngirðingu Hátúns. Landinu var skipt þannig að spilda Jaðars var norðast, meðfram landareign Marbælis, 250 metra breið niður að túngirðingu Miklagarðs og fylgdu merkin girðingu norður af horni hennar og þaðan niður að Sauðarkróksbraut, en hún ræður að austan. Auk þess lands sem að ofan greinir átti Miklagarður hlut í sameiginlegu beitilandi á Glaumbæjareyju, ásamt Glaumbæ, Hátúni, Jaðri og Ytri-Húsabakka.



Túnakort Guðmundar Sveinssonar frá 1917 af Miklagarði. Þar sést afstaða bæjar, fjóss og fjárhúss og hvar heimreiðin (afleggjarinn) af veginum um Langholtið lá heim að bæ úr vestri.

<sup>2</sup> Jarða- og búendatal í Skagafjarðarsýslu 1781-1958, I, 1950. Bls. 10-11.

<sup>3</sup> Hjalti Pálsson, 2001. Byggðasaga Skagfirðinga II. Bls. 274.

Miklagarðsland er fremur slétt og grasgefið. Gamli bærinn stóð norðaustur af þar sem núverandi íbúðarhús á Hátúni 2 stendur. Hann stóð á nokkuð háum hól ofan blautrar mýrar. Fjós var áfast við hann að norðan. Fjárhúsin voru upp á túninu, utan og ofan við bæinn, stutt suðaustan við þar sem íbúðarhús í Miklagarði stendur. Móaspilda var fyrir ofan túnið.

### 4.3 Aðrar upplýsingar

Sú sögn er til að Miklagarður hafi verið byggður - eða verið notaður fyrir aldraða presta, sem höfðu lokið embættisferli sínum og áttu ekki að betra að hverfa en þessari hjáleigu. Sé þetta rétt, hefur hjáleigan líklega ekki orðið til fyrr en eftir siðbreytingu árið 1551.

### 4.4 Fornleifaskrá fyrir Miklagarð

Hér eru tíundaða nokkrar minjar í Hátúnslandi sem tilheyrðu Miklagarði fyrir 1965.

#### **Miklagarður 146040 113 - 11**

Sérheiti: Miklagarður

Hlutverk: Bæjarhóll

Staðsetning: N: 65, 36, 19 (-656053) V: 19, 30, 55 (-195153)

Ástand: Þökkalegt.

#### **Staðhættir**

Miklagarðsbærinn stóð uppi á lágri brekkubrún norðaustan við íbúðarhúsið í Hátúni 2, vestur af eldra prestshúsinu í Glaumbæ. 1 loftmynd bls. 9 og túnakort bls. 14.

#### **Lýsing**

Bærinn í Miklagarði snéri tveimur burstum til austurs árið 1934, á teikningu Kristins Péturssonar, sjá bls. 275 í Byggðasögu II. Syðst var torfgafl baðstofunnar, þá lágur þiljaðar bæjardyr í miðju og þiljaður skálastafn nyrst. Baðstofan var syðst húsa og sneri austur- vestur. Hún var óþiljuð og skilrúmslaus með einum glugga. Gólfíð var steipt. Göng lágu frá bæjardyrum að baðstofu. Kofi var vestur af göngunum. Einn gluggi var á honum. Norðan gangna vestast var hlóðaeldhúsið, þá búr og fremst skáli

#### **Aðrar upplýsingar**

Góð uppspretta er um 200 metra vegalengd út og upp frá bæjarhólnum þar sem tekið neysluvatn til allra bæja Glaumbæjartorfunnar og Marbælis. Amerískir jarðvísindamenn sem voru við rannsóknir sumrin 2001-2002 og gerðu tilraun til að finna gamlar hleðsluleifar með kjarnaborun, leiðni- og bergmálmælingum fundu ekkert í Miklagarði. Það þarf þó ekki að vera sönnun um að gamlar bæjarleifar leynist í neðstu lögum í bæjarhólnum.

#### **Heimildaskrá**

*Gunnlaugur Jónasson Hátúni, á vettvangi 10. júlí 2003.*

*Hjalti Pálsson, 2001. Byggðasaga Skagfirðinga II. Bls. 274-275.*

**Mikligarður 146040 113 - 12**

Hlutverk: Fjós

Tegund: Heimild

Staðsetning: N: 65, 36, 44 (-656122) V: 19, 30, 33 (-195092)

Ástand: Ómetið

Horfin: já

**Staðhættir**

Samkvæmt túnakorti frá 12. apríl 1917 voru peningshús (fjós) rétt utan við Miklagarðsbæinn. Þetta var fjós eins og fram kemur á teikningu Kristins Péturssonar, sjá bls. 275 í Byggðasögu II. 1 loftmynd bls. 9 og túnakort bls. 14.

**Lýsing**

Fjósið var fyrir 4 nautgripi, dyr snéru til austurs.

**Heimildaskrá**

*Gunnlaugur Jónasson Hátúni, á vettvangi 10. júlí 2003.*

*Hjalti Pálsson, 2001. Byggðasaga Skagfirðinga II, bls. 275.*

*Túnakort Guðmundar Sveinssonar frá 12. apríl 1917.*

**Mikligarður 146040 113 - 13**

Sérheiti: Fjánhús

Hlutverk: Fjánhús

Tegund: Heimild

Staðsetning: N: 65, 36, 44 (-656122) V: 19, 30, 38 (-195106)

Ástand: Ómetið

Horfin: já

**Staðhættir**

Samkvæmt túnakorti frá 1917 voru fjánhús um 30 metra beint vestur af Miklagarðsbænum. 1 loftmynd bls. 9 og túnakort bls. 14..

**Heimildaskrá**

*Gunnlaugur Jónasson Hátúni, á vettvangi 10. júlí 2003.*

*Túnakort Guðmundar Sveinssonar frá 12. apríl 1917.*

**Mikligarður 146040 113 - 14**

Hlutverk: Huldufólksbústaður

Tegund: Heimild

Ástand: Ómetið

**Staðhættir**

Í ritinu Líf er að loknu þessu eftir Jónas Þorbergsson, er haft eftir Hafsteini miðli, að er hann var ungur drengur í Hátúni, hafi hann oft leikið sér við álfabörn. Segir hann um það að utan og ofan við bæinn í Hátúni, milli hans og Miklagarðs hóll, sem í reynd var lítill álfabær. Þar kynntist hann stúlku og dreng og léku þau sér oft saman. Fundir hans og huldu barnanna voru margir og urðu þau nán leiksystemkin um sumarið og upp frá því, meðan Hafsteinn átti heima á Hátúni. Hafsteinn sá einnig móður barnanna og sex ær sem hún átti, allar gráar. Oft sá hann þessa huldukonu koma heim úr fjarveru frá heimili sínu. Var hún þá stundum með börnin með sér, stundum ein síns liðs og alloft með bagga á bakinu. Hún kom alltaf úr sömu átt, ofan úr Sæmundarhlíð. Hafsteinn komst að



Því síðar að var það trú manna þar um slóðir að miklar huldufólksbyggðir væru efst og syðst í Sæmundarhlíðinni.

#### **Heimildaskrá**

*Jónas Þorbergsson. Líf er að loknu þessu. Rv.  
Rósmundur Ingvarsson, Örnefnaskráning frá 1998.*

#### **Mikligarður 146040 113 - 15**

Sérheiti: Vatnsbólið

Hlutverk: Vatnsból

Tegund: Lind

Staðsetning: N: 65, 36, 46 (-656128) V: 19, 30, 32 (-195089)

Ástand: Sæmilegt

Horfin: nei

#### **Staðhættir**

Neðarlega í gamla Miklagarðstúninu, beint austur undan núverandi íbúðarhúsi í Miklagarði því sem næst beint vesturundan eldra prestsbústaðnum er vatnsbólið. Það var djúpt, upphlaðið og brást aldrei vatn úr því. Gunnlaugur Jónasson sem er fæddur 1917 og uppallinn í Hátúni og tók við búskap þar 1947 sagðist hafa fyllt það og tyrft yfir. Enn þann dag í dag er erfitt að slá á þessum bletti fyrir bleytu. 1 loftmynd bls. 9.

#### **Aðrar upplýsingar**

Gunnlaugur sagðist muna eftir vatnshúsi sem byggt var yfir brunninn einhvern tíma í byrjun 20. aldar. Það var lítil kofi og hurð á sem gerði aðgengi að honum þægilegra að vetri til.

#### **Heimildaskrá**

*Gunnlaugur Jónasson Hátúni, á vettvangi 10. júlí 2003.*

#### **Mikligarður 146040 113 - 16**

Sérheiti: Litligarður

Hlutverk: Kofi

Tegund: Heimild

Ástand: Ómetið

#### **Aðrar upplýsingar**

Í Byggðasögunni (2. hefti bls. 275) er sagt frá bæjarkofanum Litlagarði, sem ef til vill var í túni Miklagarðs. Um það veit enginn. Þar var búið um miðja 19. öld. Þetta hefur verið jarðnæðislaust húsmannsbýli. Litlagarðs finnst hvergi getið í heimildum eftir 1860 er kofinn var yfirgefinn og ábúendur fluttu að Eyri við Víðimýri. Einn heimildarmanna Rósmundar Ingvarssonar fyrir Örnefnalýsingu, sagði að yst og neðst á Miklagarðstúninu hafi verið leyfar af kofa og í þeim kofa hafi búið ein kerling einhvern tíma. Hugsanlega var það Litligarður.

#### **Heimildaskrá**

*Hjalti Pálsson, 2001. Byggðasaga Skagfirðinga, bls. 275.*

**Mikligarður 146040 113 - 17**

Sérheiti: Hólmabakki

Hlutverk: Engi

Tegund: Heimild

Ástand: Ómetið

**Staðhættir**

Neðst við Glaumbæjarkvísl heitir Hólmabakki, en Hólmur heitir ofan hans. Áður var vagað hey af Hólminum upp á Hólmabakka til þurrkunar. Þúfnarindar miklir voru ofan Hólms. Þeir voru sléttaðir í kring um 1970.

**Heimildaskrá**

*Rósmundur G. Ingvarsson, Örnefnaskráning frá 1998.*

## Samantekt

Skráðar voru 12 minjar í landi Hátúns. Af þeim eru 11 horfnar af yfirborði jarðar. Níu af þeim voru staðsettar. Í fyrrum landi Miklagarðs nú Hátúns voru 7 minjar skráðar. Þar af voru fjórar staðsettar. Ljóst er að flestar búsetuminjar frá því fyrir 1900 eru óþekktar. Þær kunna þó að leynast í jörðu og má reikna með þeim á svæðum í kring um þekhta minjastaði. Sýsluvegurinn sem lá ofan (vestan) bæjarhúsanna er t.d. með öllu horfinn í landi Hátúns nema óljós slóð vestan við syðri fjárhúsin. Gamli bæjarhóllinn á Miklagarði hefur verið vel sléttaður en vafalaust eru fyrri alda heimildir undir grænni torfu þar sem annars staðar á gömlum bæjarhólum. Engar þekktar minjar eru nálægt fyrirhuguðum byggingarreit. Minjar næstar honum eru númer 11, 12 og 13. Næst byggingareitnum eru minjar nr. 13 stutt suðvestur af núverandi íbúðarhúsi í Miklagarði. Staðsetningu afleggjara að byggingarreitnum þarf að skoða með tilliti til minjanna, sem og að- og fráveitulagnir fyrir rafmagn og heitt vatn.

## Heimildir:

Diplomatarium Islandicum. Íslenskt fornbréfasafn, XII, 1911-1921. Reykjavík.

Gunnlaugur Jónasson í Hátúni f. 1917.

Hjalti Pálsson, 2001. Byggðasaga Skagfirðinga II. Akureyri.

Jarða- og búendatal í Skagafjarðarsýslu 1781-1952. II hefti, 1952. Reykjavík.

Jónas Þorbergsson. Líf er að loknu þessu. Reykjavík.

Rósmundur G. Ingvarsson, Örnefnaskrá fyrir Hátún 30. maí 1998.

Túnakort Guðmundar Sveinssonar frá 12. apríl 1917.